

Ágæti viðtakandi.

Undirritaður þakkar fyrir það traust að vera beðinn um að skila inn umsöng um Orkustefnu fyrir Ísland. Ritið eins og það er í frumdrögum er í senn heilsteypt og tekur á flest öllum helstu áskorunum sem þjóðin stendur frammi fyrir í orkumálum. Eitt atriði er þó sem undirritaður hefur athugasemdir við.

Kafli 11.2.1 Lífeldsneyti.

Framleiðsla eldsneytis úr lífrænum úrgangi og sorpi er mjög spennandi viðfangsefni ekki bara sem góðar rannsóknir heldur ekki hvað síst vegna nýrra reglugerða Evrópusambandsins sem beinlínis leggur bann við urðun/förgun úrgangs innan fárra ára. Magn sorps á höfuðborgarsvæðinu er ca. 160 þús tonn og má vinna verulegt eldsneyti úr þessu magni. Lauslega reiknað má með gösun á sorpi fá sem nemur 32-40 þúsund tonn af FT díselolíu eða sambærilegt í Etanóli eða Metanóli. SORPA hefur ásamt Nýsköpunarmiðstöð Íslands hafið vinnu í að skoða í fullri alvöru að vinna sorp á þennan hátt og nýta þá til eldsneytisframleiðslu. Almennt er talið að þessi framleiðsla sé ekki hagkvæm í einingum undir 100 þúsund tonnum af hráefni þannig að ekki er líklegt að aðrir staðir hérlendis nýti sömu tækni en eftir stendur kvöðin úr tilskipun ESB um bann við urðun. Hugsanlega yrði þetta sorp flutt til SORPU til eyðingar eða nýtt í aðra ferla svo sem gerjun eða bruna en í báðum tilfellum væri á ferðinni talsvert mikið magn orku sem nauðsynlegt er að gera grein fyrir.

Auk þessa eru frárennismál og lífrænn úrgangur frá sláturhúsum, stórelldhúsum og fiskvinnslum mjög áhugaverður kostur til framleiðslu lífeldsneytis. Þessi kostur er einnig komin til af kvöð reglugerða sem banna það verkferli sem hingað til hefur mikið verið stundað en það er að dæla frárennslu í sjó og urða úrgang. Framundan er vinna hagsmunaaðila að lausnum og hefur þegar verið stofnaður áhugaverður samráðshópur undir vinnuheitinu VELÚR til að útfæra lausnir fyrir sláturhús og verður byrjað á sláturhúsi Vestur Húnavetninga á Blönduósi. Þessa vinnu hefur leitt Próf. Þorsteinn Ingi Sigfússon forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Kveðja/Best regards

Ingólfur Þorbjörnsson  
Framkvæmdastjóri/Managing Director  
Íslenskar Tæknirannsóknir/Technological Development  
Nýsköpunarmiðstöð Íslands/Innovation Centre Iceland  
Tel. +354 5229000 Direct +354 5229172  
Fax +354 5707111  
Web. [www.nmi.is](http://www.nmi.is)